

LOKAGE

Fulltrúar með fullt umboð

EVROPUBANDALAGSINS,

hér á eftir nefnt „bandalagið“, og eftirfarandi ríkja:

KONUNGRÍKISINS BELGÍU,

KONUNGRÍKISINS DANMERKUR,

SAMBANDSLÝÐVELDISINS ÞÝSKALANDS,

LÝÐVELDISINS GRIKKLANDS,

KONUNGRÍKISINS SPÁNAR,

LÝÐVELDISINS FRAKKLANDS,

ÍRLANDS,

LÝÐVELDISINS ÍTALÍU,

STÓRHERTOGADÆMISINS LÚXEMBORGAR,

KONUNGRÍKISINS HOLLANDS,

LÝÐVELDISINS AUSTURRÍKIS,

LÝÐVELDISINS PORTÚGALS,

LÝÐVELDISINS FINNLANDS,

KONUNGRÍKISINS SVÍÞJÓÐAR,

HINS SAMEINADA KONUNGRÍKIS STÓRA-BRETLANDS OG NORÐUR-
ÍRLANDS,

aðila að stofnsáttmála EVRÓPUBANDALAGSINS,

hér á eftir nefnd „aðildarríki EB“,

fulltrúar með fullt umboð

LÝÐVELDISINS ÍSLANDS,

FURSTADÆMISINS LIECHTENSTEINS,

KONUNGRÍKISINS NOREGS,

hér á eftir nefnd „EFTA-ríkin“,

öll aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sem var undirritaður í Óportó
2. maí 1992, hér á eftir nefndur „EES-samningurinn“, nefnast saman hér á eftir
„núverandi samningsaðilar“,

og

fulltrúar með fullt umboð

LÝÐVELDISINS TÉKKLANDS,

LÝÐVELDISINS EISTLANDS,

LÝÐVELDISINS KÝPUR,

LÝÐVELDISINS LETTLANDS,

LÝÐVELDISINS LITHÁENS,

LÝÐVELDISINS UNGVERJALANDS,

LÝÐVELDISINS MÖLTU,

LÝÐVELDISINS PÓLLANDS,

LÝÐVELDISINS SLÓVENÍU,

LÝÐVELDISINS SLÓVAKÍU,

hér á eftir nefndir „nýju samningsaðilarnir“,

komu saman í í Lúxemborg fjórtánda dag októbermánaðar árið tvö þúsund og þrjú til þess að undirrita samninginn um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu og hafa samþykkt eftirfarandi skjöl:

- I. Samning um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu (hér á eftir nefndur „samningurinn“).
- II. Eftirtalin skjöl sem fylgja samningnum:

viðauka A: skrá sem um getur í 3. gr. samningsins,

viðauka B: skrá sem um getur í 4. gr. samningsins.

Fulltrúar með fullt umboð núverandi samningsaðila og fulltrúar með fullt umboð nýju samningsaðilanna hafa samþykkt sameiginlegar yfirlýsingar sem taldar eru upp hér á eftir og fylgja lokagerð þessari:

1. Sameiginleg yfirlýsing um samhliða stækkun Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins.

2. Sameiginleg yfirlýsing um beitingu upprunareglna eftir að samningur um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands og Lýðveldisins Slóveníu á Evrópska efnahagssvæðinu öðlast gildi.
3. Sameiginleg yfirlýsing um 126. gr. EES-samningsins.

Fulltrúar með fullt umboð bandalagsins, aðildarríkja EB, EFTA-ríkjanna og nýju samningsaðilanna hafa tekið mið af yfirlýsingum sem taldar eru upp hér á eftir og fylgja lokagerð þessari:

1. Almenn, sameiginleg yfirlýsing EFTA-ríkjanna.
2. Sameiginleg yfirlýsing EFTA-ríkjanna um frelsi launþega til flutninga.
3. Sameiginleg yfirlýsing EFTA-ríkjanna um innri markað á sviði raforku.
4. Yfirlýsing ríkisstjórnar Liechtensteins.
5. Yfirlýsing Lýðveldisins Tékklands varðandi einhliða yfirlýsingu Furstadæmisins Liechtensteins.

6. Yfirlýsing Lýðveldisins Slóvakíu varðandi einhliða yfirlýsingu Furstadæmisins Liechtensteins.
7. Yfirlýsing Eistlands, Kýpur, Lettlands, Möltu og Slóveníu um 5. gr. bókunar 38a um fjármagnskerfi Evrópska efnahagssvæðisins.
8. Yfirlýsing framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna um upprunareglur fyrir fisk og aðrar sjávarafurðir.

Fulltrúar með fullt umboð núverandi samningsaðila og fulltrúar með fullt umboð nýju samningsaðilanna hafa samþykkt að nýju samningsaðilunum skuli með fullnægjandi hætti veittar upplýsingar og að haft verði samráð við þá í hverju því máli sem fjallað verður um í EES-ráðinu og sameiginlegu EES-nefndinni í aðdraganda þátttöku nýju samningsaðilanna á Evrópska efnahagssvæðinu.

Þeir hafa einnig samþykkt að EES-samningurinn, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og óstyttum texta allra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, skuli, eigi síðar en við gildistöku samningsins, lagður fram á eistnesku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, slóvakísku, slóvensku, tékknesku og ungversku og staðfestur af fulltrúum samningsaðilanna.

Þeir hafa tekið mið af samningi milli Konungsríkisins Noregs og Evrópubandalagsins um norskt fjármagnskerfi fyrir tímabilið 2004–2009 sem fylgir einnig lokagerð þessari.

Þeir hafa jafnframt tekið mið af viðbótarbókun við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands vegna aðildar Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu að Evrópusambandinu sem fylgir lokagerð þessari.

Þeir hafa auk þess tekið mið af viðbótarbókun við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Konungsríkisins Noregs vegna aðildar Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu að Evrópusambandinu sem fylgir lokagerð þessari.

Enn fremur hafa þeir tekið mið af samningi í formi bréfaskipta milli Evrópubandalagsins og Konungsríkisins Noregs um tiltekna landbúnaðarafurðir sem fylgir með lokagerð þessari.

Þeir leggja áherslu á að framangreindir samningar séu þættir í heildarlausn hinna ýmsu mála sem tekið er á í tengslum við þátttöku nýju samningsaðilanna á Evrópska efnahagssvæðinu og að samningurinn og þeir fjórir samningar, sem honum tengjast, skuli allir öðlast gildi samtímis.